



## GJALDSKRÁ

fyrir Langaneshafnir í Langanesbyggð

### Gildissvið.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Bakkafjarðarhöfn og Þórshafnarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

### Um hafnagjöld.

#### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Lestargjald.

#### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 16 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftari en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðsla lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

### Bryggjugjöld.

#### 5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 9 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, kr. 99 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 12.428 á mánuði. Bátar minni en 20 bt. greiði þó aldrei lægra en kr. 7.020 á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi. Gestaskútur og skemmtibátar skulu greiða kr. 12.482 (*eða nálgad jafnvirði í erlendum gjaldmiðli*).

### Vörugjöld.

#### 6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

#### 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.



## 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltrögjald í fyrstu lestunarahöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 12. gr.

## 10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

### 1. fl: Gjald kr. 357 fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

### 2. fl: Gjald kr. 679 fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

### 3. fl: Gjald kr. 734 fyrir hvert tonn:

- Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolía, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
- Þökkuð og niðursoðin matvæli, óafengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.

### 4. fl: Gjald 1,5%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.



Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 6.301 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 298.

### 13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olúflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olúflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdareitunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b) undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

## Förgunar- og úrgangsgjöld

### 14. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Langaneshafnir taki á móti úrgangi skal það tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,80 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.738 og hámarksgjald kr. 52.116.
- b. Úrgangsgjald: Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,40 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.738 og hámarksgjald kr. 26.043
- c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 100 m eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfnum Langaneshafna skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.738 á mánuði.
- e. Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem fala undir 11. grein laga nr. 33 frá 2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skili úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land: Farþegaskip yfir 60 metrar á lengd skulu greiða 1,60 kr. á brt. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn: Farþegaskip undir 30.000 brt: 5 m<sup>3</sup> Farþegaskip frá 30.000 brt til 100.000 brt: 10m<sup>3</sup> Farþegaskip yfir 100.000 brt: 15 m<sup>3</sup> Önnur skip skulu greiða 2,22 kr. á brt. Gjaldið miðast við 5 m<sup>3</sup> af sorpi. Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun. Skip og bátar sem eru undir 60 metrar á lengd og hafa varanlega viðlegu í höfnum Langaneshafna. skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 38.184.



- f. Förgunargjald: Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. E-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Langaneshöfn innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g. Skv. 11 grein laga nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. grein c-lið laga nr. 33 frá 2004 hafnalaga skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 11.485 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetri. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Skipstjóri, eigandi og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Langaneshafna. vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr.326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd.

#### Önnur sorp- og förgunargjöld

Sorpgjöld - Fiskiskip 20 bt. og undir (mánaðargjald)	1.784
Sorpgjöld - Fiskiskip 21 - 200 bt. (mánaðargjald)	7.133
Sorpgjöld - Fiskiskip 201 bt. og yfir (mánaðargjald)	17.831
Sorpgjöld - Kaupskip samkvæmt reikningi pr. m <sup>3</sup>	5.944

#### Þjónustugjöld.

##### 15. gr.

#### Vogargjöld

Vigtun sjávarafra pr. tonn.

535

Gjald fyrir lengda viðveru hafnarvarðar vegna vigtunar

9.904

*Gjaldið skal einungis innheimt ef bátur kemur að landi eftir lokun hafnar. Séu um fleiri en einn bát að ræða sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði, þó að hámarki á þrjá báta. Lágmark innheimts tíma er 0,5 klst.*

Gjald vegna útkalls hafnarvarðar/vigtarmanns

25.397

*Séu um útkall að ræða og fleiri en einn bátur sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði vegna útkalls, þó að hámarki á þrjá báta.*

Lágmarksgjald vegna einstakrar vigtunar

95

Kranagjald pr. tonn.

41

Skráningargjald pr. tonn.

100

#### Vatnsgjöld

Vatn afgreitt frá bryggju kr. pr. tonn

310

Lámagnsgjald kr.

2.378

Tengigjald vegna vatns

3.175

Tengigjald yfirvinna

5.174

**Rafmagn**

Rafmagn samkvæmt gjaldskrá Rarik að viðbættu álagi +22%

**Hafnarvernd**

Komugjöld vegna hafnarverndar, fyrir hverja komu 45.767

Öryggisgæsla pr. dv. 6.350

Öryggisgæsla pr. nv. 10.350

**Hafnsögugjöld**

Hafnsögugjöld hver mælieining 8

Flutningur hafnsögumanns 34.177

Fast gjald pr. skip dagvinna (hafsögumaður) 6.350

Fast gjald pr. skip yfirvinna (hafsögumaður) 10.350

Festargjald pr. afgreiðslu (dagvinna og pr. starfsmann) 9.525

Festargjald pr. afgreiðslu (yfirvinna og pr. starfsmann) 15.524

**Önnur þjónustugjöld**

Leiga fyrir 20 feta frystigám (mánaðargjald) 4.755

Leiga fyrir 40 feta frystigám (mánaðargjald) 7.133

Gjald fyrir skammtíameymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbakka (frítt fyrstu fimm dagana) pr. sólarhring hverjir byrjaðir 30m<sup>2</sup> 4.922

Geymsla á áburði á hafnarsvæði vikugjald kr. pr. tonn 28

Farþegagjald – vegna komu farþegaskipa kr. pr. farþega 206

Geymsla á vörubrettum og annarri lausavöru á hafnarsvæði, mánaðargjald pr. m<sup>2</sup> 163

**16. gr.**

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

**17. gr.**

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

**18. gr.**

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald



og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

## **19. gr.**

Á öll verð skv. verðskrá þessari skv. 20. gr. hafnalaga er lagður 24% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

## **20. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

## **Gildistaka.**

### **21. gr.**

Gjaldskrá þessi fyrir Langaneshafnir sem er samþykkt af hafnarnefnd Langanesbyggðar 23. mars 2019 og sveitarstjórn Langanesbyggðar 4. apríl 2019, er sett með heimild í hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1391/2018.

*Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar, 21. nóvember 2019.*

*Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2020.*

Hafnarstjóri Langanesbyggðar,

---

Elías Pétursson